

„Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“
Próunarverkefni í 1. og 2. bekk í Vallaskóla

Úttekt

Birna María Svanbjörnsdóttir
Jenný Gunnbjörnsdóttir



Maí 2007

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
1 Inngangur	3
2 Litlir hópar fyrir litlar manneskjur.....	4
3 Gögn og aðferðir	6
3.1 Rýnihópar.....	6
3.2 Vettvangsathugun	7
4 Niðurstöður	8
4.1 Rituð gögn og samtöl við skólastjórnendur	8
4.2 Kennarar.....	9
4.3 Foreldrar.....	11
4.4. Vettvangsathugun	13
4.5 Samantekt.....	13
5 Umræður	15
6 Heimildaskrá	21
Fylgiskjöl	22

Meginniðurstöður

- Nemendum og kennurum virðist líða vel í skólanum og foreldrar lýsa ánægju með starfið.
- Kennarar og foreldrar telja mikinn kost að nemendur séu í fámennum hópum og að allir þekkist innbyrðis.
- Árangur í lestri er talinn góður.
- Kennarar eru ánægðir í samstarfi og eyða minni tíma í undirbúning fyrir kennslu en áður. Þeim finnst kostur að bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og geta rætt saman um einstaka nemendur. Ekki er algengt að um markvissa samvinnu milli kennara og stuðningsfulltrúa sé að ræða.
- Kerfið utan um verkefnið er fremur þungt í vöfum.
- Kennarar einangrast faglega í starfi vegna þess að þeir kenna eina ákveðna námsgrein eða fáar námsgreinar í öllum nemendahópnum.
- Skortur er á faglegri umræðu og ígrundun meðal kennara út frá settum markmiðum. Samvinna felst einkum í umræðu um skipulagsmál, heimavinnu og einstaka nemendur.
- Kennsluhættir virðast fremur einsleitir, ekki er um markvissa samvinnu nemenda að ræða og algengast að nemendur fáist við svipuð verkefni samtímis.
- Það vantar verkefnisstjóra sem stýrir og heldur utan um verkefnið.
- Foreldrar í rýnihópi segjast ekki vita hvernig námsþörfum barna þeirra er mætt, þeir taka ekki þátt í markmiðssetningu og umræðu um leiðir og mat á námi barna sinna með kennurum.

1. Inngangur

Haustið 2005 var farið af stað með þróunarverkefnið „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“ í 1. og 2. bekk í Vallaskóla á Selfossi sem leið til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Meginmarkmið verkefnisins var að breyta kennsluháttum, fækka nemendum í kennslustundum, auka tíma og bæta þjónustu á hvern nemanda og koma á sameiginlegri umsjón kennara með öllum nemendum árgangsins. Einnig sérhæfðu kennarar sig í ákveðinni námsgrein. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið skólaárið 2006-2007 í 1. og 2. bekk með nokkrum skipulagsbreytingum.

Óvissa er um framtíð og þróun verkefnisins, því fóru stjórnendur skólans þess á leit við skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri að annast úttekt á þróunarverkefninu eftir tveggja ára reynslutíma. Markmið úttektarinnar er að meta árangur verkefnisins, hvort þau markmið sem stefnt var að hafi náðst. Úttektin nær til allra kennara 1. og 2. bekkja og foreldra sem tóku þátt í rýnihópum. Einnig var gerð vettvangsathugun í skólanum, rætt við skólastjórnendur og stuðst við fyrirbyggjandi gögn.

Úttektina og skýrslugerð önnuðust fyrir hönd skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri Birna Svanbjörnsdóttir og Jenný Gunnbjörnsdóttir. Í skýrslunni er gerð er grein fyrir gögnum og aðferðum sem úttektin byggir á og hvernig viðtöl og vettvangsathugun fór fram. Í niðurstöðukafla er greint frá niðurstöðum úr rituðum gögnum, viðtölum og vettvangsathugunum. Í umræðukafla eru helstu niðurstöður túlkaðar og metnar, gefnar ábendingar og hugmyndir um endurbætur og matsspurningum svarað.

2. Litlir hópar fyrir litlar manneskjur

Í skýrslu um þróunarstörf í Vallaskóla kemur fram að haustið 2005 hafi verið ákveðið að gera stórfelldar breytingar á kennsluháttum í 1. og 2. bekk Vallaskóla. Kennarar kynntu sér störf í byrjendakennslu í öðrum skólum og fengu kennara utan að sér til stuðnings og handleiðslu við að koma á þróunarverkefninu „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“. Meginmarkmið verkefnisins eru að breyta kennsluháttum, fækka nemendum í kennslustundum, veita nemendum meiri þjónustu og tíma en áður, gefa kennurum möguleika á að sérhæfa sig í ákveðinni námsgrein og gera kennara sameiginlega ábyrga fyrir umsjón árgangsins.

Byrjað var með þróunarverkefnið hjá 1. bekk skólans haustið 2005 þegar nemendur komu beint úr leikskólanum en 2. bekkur skólans sem einnig tók þátt í verkefninu hafði árið áður verið í hefðbundnu bekkjarfyrirkomulagi í skólanum. Hvorum árgangi var skipt í fimm 10-12 manna hópa í stað þriggja bekkja og nemendurnir fluttust í húsnæði sem bauð upp á betri möguleika til samvinnu kennara og nemenda en áður. Hvor árgangur hafði 5 kennslurými til afnota, kennslustofum var skipt í tvö rými með tjaldi á milli. Í byrjun hvers skóladags söfnuðust nemendur í heimahópa en að því loknu var farið í vinnu í litlum hópum. Hver kennari sérhæfði sig í ákveðinni námsgrein og kenndi öllum hópum árgangsins þá grein. List- og verkgreinar voru kenndar í smíðju. Í hvorum árgangi voru þrjú umsjónarkennarar en auk þeirra komu að verkefninu þroskaþjálfari, sérkennari, listgreinakennari, kennarar í tónmennt, dansi, leikfimi og sundi og fjórir stuðningsfulltrúar. Áhersla var lögð á að skipulag vinnunnar væri birt myndrænt fyrir nemendur.

Haustið 2006 hefst annað ár þróunarverkefnisins og er unnið á svipaðan hátt og fyrra árið. Þeir nemendur sem höfðu verið í 1. bekk árið áður héldu áfram í verkefninu en 2. bekkurinn fór aftur yfir í hefðbundið bekkjarkerfi í 3. bekk að ósk umsjónarkennara árgangsins og nýr 1. bekkur kom inn í þróunarverkefnið. Með reynsluna að leiðarljósi voru þær breytingar gerðar á verkefninu annað árið að nemendum var skipt í þrens konar hópa, misstóra. Stærstu hóparnir haldast óbreyttir út árið meðan litlu hóparnir eru breytilegir yfir árið. Tvo daga í viku eru nemendur í stóru hópnum og fara þá í list- og verkgreinar, íþróttir og dans, þá eru bekkjardagar. Þrjú daga í viku eru þeir hins vegar í

litlu hópunum og fara í bóklegar greinar til kennara sem hafa sérhæft sig í námsgreinum eins og árið áður.

3. Gögn og aðferðir

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta stöðu og árangur af þróunarverkefninu „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“. Spurningarnar sem hafðar voru að leiðarljósi við úttektina voru:

Hvernig stuðlar verkefnið „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“ að árangursríku skólastarfi? Hver er reynslan af tveggja ára þróunarstarfi?

Lögð var áhersla á að skoða eftirfarandi þætti:

- Hvernig komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda í námi.
- Hvernig skólastarfið gengur fyrir sig.
- Hvaða vinnubrögð og kennsluhættir eru ríkjandi.
- Hvernig samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara er háttáð.
- Hvernig samskiptum heimila og skóla er háttáð.

Til að fá sem skýrasta mynd af skólastarfinu var rýnt í skýrslu um þróunarstarf í Vallaskóla 2007, rætt við skólastjórnendur Vallaskóla um tildrög verkefnisins og aflað nýrra upplýsinga með vettvangsathugunum úttektaraðila og rýnihópum kennara og foreldra.

3.1 Rýnihópar

Eigindlegra gagna var aflað með hópviðtölum, svonefndum rýnihópum. Rýnihópar voru tveir talsins, annar með öllum kennurum 1. og 2. bekkjar, níu talsins, og hinn með fulltrúum foreldra nemenda úr báðum árgöngum, samtals fimm talsins. Við val á foreldrum í rýnihóp var stuðst við lista yfir þá foreldra sem eru tenglar í bekkjunum. Sendur var tölvupóstur til þeirra sem höfðu gefið upp netfang á heimasíðu skólans og þeim í stuttu máli kynnt fyrirhuguð úttekt og boðin þátttaka í rýnihópi, hringt var í þá sem ekki voru með skráð netföng. Rýnihópsviðtölin voru hálfstöðluð að því leyti að viðtalsrammi var útbúinn fyrirfram þar sem áhersla var lögð á meginspurningar (sjá

fylgiskjöl 1 og 2). Viðtalsrammarnir voru svolítið mismunandi eftir því við hverja var talað en þeir tóku báðir mið af markmiðum verkefnisins. Báðir hóparnir voru spurðir að því hvernig þeim fyndist verkefnið stuðla að árangursríku skólastarfi, hvernig þeim fyndist skólastarfið hafa gengið fyrir sig í vetur og hverja þeir teldu helstu kosti og óskosti fyrirkomulagsins. Kennarar voru spurðir um vinnubrögð og kennsluhætti og foreldrar voru spurðir um líðan barna þeirra í skólanum og tengsl heimilis og skóla.

3.2 Vettvangsathugun

Gerð var vettvangsathugun í 8 kennslustundum hjá jafnmörgum kennurum, hvor úttektaraðili fór í fjóra hópa. Í vettvangsathugununum átti sér einnig stað óformlegt spjall við nemendur og starfsfólk.

Gerður var viðmiðunarramma fyrir vettvangsathugunina (sjá fylgiskjal 3) sem fylltur var út jafnóðum en að athugun lokinni ræddu úttektaraðilar saman um niðurstöður sínar til samræmingar. Skoðaðir voru og metnir þættir eins og viðfangsefni nemenda, einbeiting og virkni nemenda, samskipti, virk námsaðlögun og kennsluaðferðir.

4. Niðurstöður

4.1 Rituð gögn og samtöl við skólastjórnendur

Í skýrslu um þróunarstarf í Vallaskóla kemur fram að verkefnið „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“ hefur þróast og breyst töluvert frá því í byrjun og ýmsir vankantar sniðnir af því varðandi skipulag. Helstu kostir þróunarverkefnisins eru taldir vera aukin samvinna kennara, sameiginleg umsjón kennara með nemendum og aukin sérhæfing kennara vegna faggreinakennslu. Bent er á að allir kynnast betur innbyrðis, nemendur og kennarar og nemendur sín í milli en það er talið efla og örva félagsþroska og með færri nemendur í hóp getur kennari veitt þeim betri þjónustu en ella. Fram kemur í skýrslunni að almennt séu kennarar, nemendur og foreldrar ánægðir með fyrirkomulagið.

Skólastjórnendur segjast hafa verið hlynntir því að þetta verkefni var tekið upp á sínum tíma og telja margt gott hafa hlotist af því, nemendur og kennarar eru glaðari nú en áður og virðist líða vel og námsmat vinnst vel þar sem kennarar þekkja alla nemendur og ræða saman um þá. Helstu kostir verkefnisins að mati skólastjórnenda eru hversu fáir nemendur eru í hverjum hópi en það ætti að gera kennurum kleift að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir og mæta þörfum hvers og eins nemanda. Lestrarkennsla er talin hafa skilað góðum árangri. Hins vegar óttast skólastjórnendur að kennsluaðferðir hafi lítið breyst. Útikennsla hefur þó aukist og nemendur vinna dálítið saman og fá tækifæri til að spjalla. Með því að koma á faggreinakennslu var meiningin að styrkja kennara faglega en skólastjórnendur hafa áhyggjur af því að hún hafi snúist í andhverfu sína og sé fremur fagleg einangrun. Þeir telja samstarf mikilvægt en segja að samræma þurfi skilning kennara á gildi samvinnu og stuðla að því að samvinnan snúist ekki um skipulagsmál og hvað eigi að gera heldur um faglega þætti, þ.e. hvernig eigi að gera. Það er ósk skólastjórnenda að þróunarstarfið þróist í teymisvinnu kennara þar sem skapandi leikur fái að njóta sín.

Að mati skólastjórnenda eru nokkrir þættir sem skoða þarf til að bæta verkefnið. Þar má nefna að ekki er neinn verkefnisstjóri yfir verkefninu og það vantar sveigjanleika í kerfið, það er mjög erfitt að manna forföll ef veikindi koma upp. Eins hafa verið miklar mannabreytingar í kennarahópnum á síðasta ári og það hefur staðið verkefninu fyrir

þrifum. Fram kom hjá viðmælendum að þeir telja að ríkjandi sé fremur neikvætt viðhorf hjá samkennum til verkefnisins. Einnig þarf að skoða hlutverk stuðningsfulltrúa í verkefninu en þeir fylgja í flestum tilvikum ákveðnum nemendum og eru sjaldnast í samstarfi við kennara. Nýta mætti starfskrafta þeirra betur.

4.2 Kennarar

Allir kennarar í 1. og 2. bekk ásamt þroskaþjálfara tóku þátt í rýnihópsviðtali. Þeir voru í stórum dráttum sammála um að skólustarfið gengi vel fyrir sig og voru ánægðir með fyrirkomulagið þó þeir gætu bent á nokkur atriði sem þyrfti að endurskoða og bæta. Einn stærsti kosturinn við verkefnið að þeirra mati er hve lestrarnám barnanna gengur vel. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á lestarþjálfun og allir nemendur lesa að lágmarki einu sinni á dag í skólanum. Þetta telja kennarar stuðla að góðum framförum. Einnig nefna kennarar sem kost að þeir geti sinnt hverju og einu barni betur en áður þar sem fá börn eru í hverjum hópi. Nemendur kynnast vel sín í milli því þeir eru í mismunandi hópum yfir veturinn og kennarar gæta stýrt uppröðun í hópana og taka við það mið af þörfum einstaklinga. Kennarar telja það mikinn kost að þeir beri sameiginlega ábyrgð á árganginum og segjast ræða reglulega saman um gengi og líðan barnanna, en þeir horfa mismunandi á börnin og taka eftir mismunandi atriðum hjá þeim. Þetta styrkir kennarana við að meta nemendur og finna leiðir til að mæta þörfum þeirra. Einnig er þetta kostur fyrir foreldra, þeir geta í raun talað við hvaða kennara árgangsins sem er um barn sitt.

Að mati kennara telja þeir vera ókost við núverandi fyrirkomulag að um ónæði getur verið að ræða milli hópa sitt hvorum megin við tjald í sömu stofu en nemendur þurfa að læra að taka tillit til annarra. Einnig eru þeir sammála um að viss óskostur geti falist í því að hver kennari sjái um eina grein. Það dragi úr möguleikum til samþættingar og samvinnu um nám barnanna og verður erfiðara um vik ef forföll eru í kennarahópnum þar sem skipulag raskast ef einn kennari þarf að taka tvo hópa. Gerð stundatöflu er einnig töluvert flókin og sumum nemendum reynist erfitt að læra á hana.

Þegar spurt var um vinnubrögð og kennsluhætti sögðu kennarar lítið rætt um slíkt á samstarfsfundum. Þar væri einkum rætt um heimanám og foreldrabréf, vandamál sem koma upp, einstaka nemendur og almennt um skipulag skólustarfsins. Þeir segjast þó hafa

rætt um að þessu þyrfti að breyta og eru farnar að huga að því, t.d. segjast þeir hafa aukið stöðvavinnu.

Vegna sérhæfingar er engin samvinna um námsgreinar. Hver kennari undirbýr kennslu í sinni námsgrein og kennir öllum nemendum í árganginum. Með þessu fyrirkomulagi segjast kennarar hafa meiri tíma fyrir hvern nemanda. Þar af leiðandi verði námið meira einstaklingsmiðað og oft unnið maður á mann. Kennarar sögðu ekki vera mikið um samvinnu hjá nemendum nema í stærðfræði en þar sækja nemendur svoltið sjálfir í að hjálpa hver öðrum.

Þegar kennarar voru spurðir hvernig einstaklingsþörfum nemenda væri mætt nefndu þeir að stuðningsfulltrúar fylgdu ákveðnum nemendum og sinntu þeim. Fjórir stuðningsfulltrúar koma að hópunum og hafa margir þeirra mikla reynslu og eru fljótir að setja sig inn í stöðu mála en kennarar telja mikinn ókost að enginn vettvangur er fyrir samvinnu á milli kennara og stuðningsfulltrúa. Í vissum tilvikum hefur verið skipt í hópa eftir getu með það að markmiði að þjálfa sérstaklega ákveðna grunnþætti hjá nemendum. Þroskaþjálfari vinnur mikið með ýmsa þjálfunarþætti hjá nemendum. Nemendur sem vilja og geta farið hratt yfir efni fá sérstök heimanámshefti meðan aðrir fara hægar yfir. Námsmat er í formi símats og segjast kennarar skrá hjá sér jafnóðum og telja það nauðsynlegt til að upplýsingar gleymist ekki. Að hausti og í lok anna hitta kennarar foreldra og ræða mál einstakra nemenda. Þar koma fram ýmsar óskir frá foreldrum og lagðar línurnar varðandi hegðun og nám barnsins. Samskipti heimilis og skóla eru mismikil eftir kennurum en kennurum finnst foreldrar almennt lítið sækast eftir sambandi við þá. Kennarar senda bréf heim til foreldra með upplýsingum um skólastarfið vikulega og tölvupóstssamskipti eru algeng.

Kennarar eru almennt sammála um að nemendum líði vel í skólanum. Þeir telja nemendur fá betri þjónustu, kennarar geti almennt sinnt nemendum betur, hafi betri yfirsýn yfir stöðu þeirra og fleiri tækifæri til að gefa þeim munnlega endurgjöf. Þeir telja ekki vera meira um agavandamál en áður en hafa svolitlar áhyggjur af nemendum með hegðunarfrávik. Í þessu kerfi eru fleiri áreiti og meira rót en í hefðbundnu kerfi og því fylgja bæði kostir og gallar. Kostirnir felast m.a. í því að álag vegna einstakra nemenda dreifist á fleiri kennara og nemendahópa. Fleiri kennarar þekkja þessa nemendur og taka

allir á málum. Á móti kemur að nemendur hlýða kennurum misvel og tengjast þeim á mismunandi hátt. Mikil kennaraskipti geta reynst þessum nemendum erfið.

Kennarar segjast ánægðir með samstarfið sín á milli og segjast geta rætt opinskátt um starfið. Þeir segjast ekki hafa tók á að hitta íþrótta- og sundkennara og að samskipti milli skólastiga eða húsa séu lítil og fari jafnvel minnkandi. Samstarf við skólustjórnendur hefur að mati kennara verið gott en það hefur vantað verkefnisstjóra nú síðasta skólaár sem veitir verkefninu forystu. Það er að mati kennara mikill ókostur.

Kennarar eru sammála um að kerfi sem þetta auki gæði skólastarfs. Þeim finnst í raun óhugsandi að snúa til baka til fyrri starfshátta. Þeir telja þó að gera þurfi ákveðnar breytingar til að sníða af vankanta sem komið hafa í ljós í starfinu. Þeir telja nauðsynlegt að skipuleggja starfið með öðrum hætti, endurskoða faggreinakennslu kennara þar sem slíkt fyrirkomulag gerir kerfið of ósveigjanlegt. Þeir segja að erfitt sé að vera með þemavinnu og samþætta námsgreinar þegar fyrirkomulagið er slíkt. Að þeirra mati þarf að hugsa framhaldið vel og þróa kerfið áfram upp allan skólann. Mikilvægt að börnin í hverjum árgangi þekkist öll og geti unnið saman. Kennarar segjast vera of fastir í kerfinu, það þurfi að brjóta upp og vera með samþættingu og hafa þemu og samkennslu.

4.3 Foreldrar

Fimm foreldrar tóku þátt í umræðum í rýnihóp foreldra. Tveir foreldrar áttu börn í 1. bekk og 3 foreldrar áttu börn í 2. bekk. Allir foreldrarnir voru ánægðir með skólastarfið og töldu núverandi fyrirkomulag stuðla að betri þjónustu við börnin. Börnum þeirra líður vel í skólanum og lestrarnámið gengur vel. Einn helsta kost fyrirkomulagsins telja þeir vera hversu hóparnir eru litlir. Það gefi kennurum betra tækifæri á að kynnast hverju barni og sinna því betur.

Foreldrarnir voru sammála um að gott væri fyrir börnin að kynnast öllum börnum í árganginum og að gott væri fyrir þau að þurfa að vinna með og sitja hjá mörgum félögum. Það styrkti þau félagslega. Einnig nefndu foreldrar að það efldi börnin að þurfa að vinna með mörgum kennurum, það væri gott fyrir börnin að geta treyst á marga fullorðna, það væri til dæmis sama fyrir börnin fyrir hvaða kennara væri lesið. Eins ef

Það eru forföll hjá kennurum þá er auðveldara fyrir nemendur að halda sínu striki því alltaf eru einhverjir kennarar sem þeir þekkja að kenna þeim.

Foreldrar töluðu um að sjálfsagt hentaði þetta kerfi börnum þó misvel. Börn sem eru viðkvæm eiga ef til vill í erfiðleikum ef mikið rót er á hópunum og þau hafa ef til vill þörf fyrir meiri festu og öryggi. Tíð skipti milli hópa og rýma gæti valdið einhverjum börnum kvíða meðan öðrum börnum finnst slíkt spennandi. Opnir einstaklingar njóti sín eflaust betur í svona kerfi.

Þegar foreldramir voru spurðir hvernig námsþörfum barna þeirra væri mætt sögðust þeir reikna með því að það væri vel gert. Þeir sögðust þó vera lítið meðvitaðir um það og erfitt væri að vita hvar barnið væri nákvæmlega stadd í náminu og hvað væri í gangi í skólastofunni. Börnin væru á misjöfnum stað í náminu og foreldrar viti ekki hvar þeirra barn sé stadd miðað við önnur börn. Það finnst þeim galli og vilja gjarnan fá meiri upplýsingar þannig að ef eitthvað gengur ekki nógu vel geti foreldrar einbeitt sér að því að hvetja barnið og hjálpa því meira heima. Foreldrar segjast ekki koma að starfinu í skólanum sem slíku. Þeir taka ekki þátt í markmiðssetningu eða öðrum þáttum sem snúa að ákvörðunum um nám barnanna. Þeir koma í viðtöl og starfa með öðrum foreldrum fyrir utan skólann að félagsstarfi barnanna, nefna jólakvöld, árshátíð og slíkt.

Foreldrar telja sig vera í góðu sambandi við umsjónarkennara barna sinna en sambandið sé ekki mikið. Þeir töldu að vel yrði tekið í það af hálfu kennara ef þeir leituðu eftir auknum samskiptum og frekari upplýsingum um börnin sín. Samskipti við kennara eru aðallega í formi tölvupósts en svo er alltaf hægt að hringja.

Foreldrar telja aðgengi að upplýsingum um skólastarfið gott, góðar upplýsingar séu á heimasíðu skólans, Mentor kerfið sé notað í skólanum, fréttabréf séu send heim og einnig fái foreldrar heim vikulegar fréttir frá kennurum með heimanámi barnanna þar sem sagt er hvað verið er að fást við í skólanum þá vikuna.

Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir teldu að vinna mætti á annan hátt til aukins árangurs töldu þeir að mikilvægt væri að halda áfram á sömu braut. Þeir voru ánægðir með þá breytingu sem gerð var á fyrirkomulaginu frá fyrra ári að hafa bekkjardaga því þeir telja gott að styrkja bekkinn sem hóp jafnframt því sem börnin fái tækifæri á að kynnast og vinna með öllum nemendum árgangsins. Þeir telja þetta fyrirkomulag gott og að það gefi kennurum tækifæri til að ná betri árangri með

nemendum. Hægt sé að skipta hópum upp eftir þörfum, til dæmis til að styrkja hlédræga nemendur, ef einhverjir nemendur eru of ráðandi í hópi eða ef miklir árekstrar eru innan hóps. Foreldrar nefna að þetta sé dálítið snúið kerfi fyrir foreldra að átta sig á og þeir eigi sumir enn í vanda með að skilja stundaskrána. Að mati foreldra er nauðsynlegt að góðar upplýsingar berist frá skólanum og til dæmis þurfi foreldrar að fá nafnalista yfir alla nemendur í árganginum því að leikfélagar barnanna séu úr honum öllum.

Foreldrar eru jákvæðir gagnvart því að svona fyrirkomulag verði tekið upp á öllu yngsta stigi. Þeir vilja að börnin þeirra haldi áfram í svona kerfi.

4.4. Vettvangsathugun

Úttektaraðilar fóru í heimsókn í 1. og 2. bekk í 4 kennslustundir hvor, samtals 8 kennslustundir og farið var á milli hópa í báðum árgöngum. Í öllum hópum sem heimsóttir voru virtist andrúmsloft meðal nemenda og kennara vera gott. Þægilegt var að koma sem gestur inn í stofurnar og virtist heimsóknin ekki valda miklum truflunum á vinnu nemenda. Nemendur voru í flestum tilfellum vinnusamir og samskipti þeirra á milli góð. Viðfangsefni nemenda voru mismunandi en kennsluáðferðir nokkuð einsleitar. Í flestum hópum voru nemendur að vinna á eigin hraða í námsbókum sínum en einnig fóru úttektaraðilar í hópa þar sem fengist var við smíðavinnu, leikræna tjáningu og málörvunarleiki. Einnig sáu úttektaraðilar innlögð kennara í litlum hópi þar sem verkefni voru útskýrð í upphafi vinnulotu. Ekki sáust dæmi um skipulagða samvinnu nemenda eða að nemendur væru að vinna að mismunandi námsþáttum innan hópanna. Í nokkrum tilfellum sátu stuðningsfulltrúar hjá ákveðnum nemendum og aðstoðuðu þá við vinnu.

4.5 Samantekt

Þeir aðilar sem rætt var við voru almennt frekar ánægðir með þróunarverkefnið en sáu þó ýmsa annmarka á því sem þyrfti að laga. Að mati viðmælenda voru kostirnir einkum hversu fáir nemendur eru í hópi en það gefur ýmsa möguleika í skólastarfi og getur skapað meiri nánd og öryggi. Nemendum og kennurum líður vel í skólanum, nemendur þekkjast vel innan árgangsins og allir kennarar þekkja alla nemendur og geta í

sameiningu metið þarfir þeirra. Kennarar segja árangur góðan af lestrarkennslu en þeir bera sameiginlega ábyrgð á lestrarþjálfun nemenda.

Fyrirkomulagið gerir ráð fyrir að kennarar sérhæfi sig í kennslu einnar námsgreinar og kenni öllum nemendum þá námsgrein. Þetta gerir það að verkum að undirbúningur kennslu er minni en annars. Skólastjórnendur óttast að þetta fyrirkomulag leiði til einangrunar kennara í starfi og dragi úr möguleikum á fjölbreytni í skólastarfi. Í viðtali við kennara kom fram að þeim finnst þetta að mörgu leyti þægilegt en benda þó á að þetta fyrirkomulag minnki sveigjanleika í starfi, dragi úr möguleikum til samþættingar og leiði til röskunar á kerfinu þegar um forföll er að ræða. Ríkjandi virðast nokkuð hefðbundnar kennsluaðferðir og samvinna kennara snýst að mestu leyti um skipulag, einstaka nemendur og heimavinnu. Lítið virðist um skipulagða samvinnu hjá nemendum þó þeir fái tækifæri til að spjalla saman og hjálpast að.

Það vantar verkefnisstjóra yfir verkefnið til að samhæfa áherslur og móta sameiginlega sýn og leiða samstarf kennara. Skólastjórnendur og kennarar vilja að starfað verði áfram með litla hópa en telja nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á skipulaginu sem m.a. fela í sér aukna teymisvinnu, faglega umræðu og sveigjanleika í starfinu.

5. Umræður

Meginmarkmið úttektarinnar er að komast að því hvernig þróunarverkefnið „Litlir hópar fyrir litlar manneskjur“ stuðlar að árangursríku skólastarfi, hvernig starfið gengur fyrir sig og hverjir eru helstu kostir og gallar verkefnisins.

Í meginatriðum má segja að þeir sem koma að verkefninu séu nokkuð sammála um helstu kosti þess og galla. Ánægja er með að hafa fáa nemendur í hópi og það talið gefa kost á nánari tengslum milli nemenda og kennara og milli nemenda innbyrðis. Að sama skapi er það m.a. talið efla nemendur félagslega að þeir kynnist vel, bæði öllum nemendum árgangsins og kennurum. Nemendum og kennurum virðist líða vel í þessu kerfi, kennarar segja vinnuálag og undirbúning minni en áður, þeim finnst þeir geta veitt nemendum betri þjónustu en áður og vilja ekki snúa til baka í gamla kerfið. Foreldrar eru einnig ánægðir og finnst þetta góð aðlögun frá leikskólanum, góður árangur er af lestrarkennslu og þeir segja að börnum þeirra líði vel í skólanum.

Úttektaraðilar geta tekið undir skoðanir skólastjórna og kennara, margt er vel gert og virðist skila árangri í verkefninu meðan annað mætti bæta. Þægilegt var að koma inn í hópana sem gestur, nemendur voru opnir og jákvæðir og virtust utanaðkomandi aðilar ekki hafa truflandi áhrif á þá. Augljóst var að kennarar þekktu nemendur vel og samskipti kennara og nemenda voru góð. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á lestrarþjálfun nemenda og virðist það skipulag vera skilvirkt og vísbendingar eru um að góður árangur náist í lestri með þessu fyrirkomulagi. Erfitt er þó að fullyrða um árangurinn þar sem ekki er um að ræða nema tveggja ára reynslu og nemendur eru ólíkir og geta raðast mismunandi í árganga.

Kennarahópurinn virðist vera áhugasamur og öflugur en mikilvægt er að verkefnisstjóri sé yfir þetta stórum hópi og leiði vinnuna en hann vantar eins og staðan er núna. Rúnar Sigþórsson og fleiri¹ fjalla um mikilvægi þess að forysta stjórnenda og verkefnisstjóra og góð skipulagning á störfum þeirra kunni að ráða úrslitum um gengi verkefna. Í bók þeirra „Aukin gæði náms“ er ítrekað mikilvægi þess að starfslýsing stjórnenda, hvort sem um er að ræða verkefnisstjóra eða aðra stjórnendur, sé vel

¹ Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West 2005.

afmörkuð og skýr en starf þeirra felst að miklu leyti í að samhæfa og samstillta mismunandi þætti í skólastarfinu.

Kerfið í kringum „Litla hópa fyrir litlar manneskjur“ virðist þungt í vöfum og ósveigjanlegt, svo virðist sem skipulagið sjálft hefti starfið. Hver og einn kennari undirbýr og sér algjörlega um sína námsgrein en það fyrirkomulag kallar ekki á samvinnu með sama hætti og ef allir kæmu að kennslu allra námsgreina að einhverju leyti. Erfitt er að koma við samþættingu námsgreina og vandamál koma upp ef um forföll kennara er að ræða, þá riðlast allt kerfið. Erfitt er fyrir kennara að taka að sér annan hóp þar sem hann er ekki innsettur í hvað á að vinna í viðkomandi námsgrein og hann þarf að halda áætlun í sinni grein. Hætta er á því að í þessum aðstæðum verði fagvitund og starfsfærni kennara minni og að þeir hafi ekki eins góða heildarsýn á skólastarfið og nemendur sína og annars. Fram kemur í samtölum við kennara að samvinna þeirra snúist einkum um skipulag, heimavinnu, samskipti við foreldra og málefni einstakra nemenda. Kennurum gefst ekki svigrúm til að ræða faglega þætti eins og markmið eða leiðir í námi nemenda. Velta má fyrir sér hvort verkefnið nái því markmiði að bæta nám og þjónustu við nemendur eða hvort breytingarnar hafi haft meiri áhrif á kennslu kennara en nám nemenda.

Til að ná árangri í skólastarfi er mikilvægt að efla lærdómsmenningu og alla samvinnu kennara² en samvinna kennara er talin einn meginþáttur í árangursríku skólastarfi.³ Átt er við samstarf sem á sér stað bæði í námsaðstæðum nemenda og á samstarfsfundum kennara. Samkvæmt nýrri rannsókn dr. Önnu Kristínar Sigurðardóttur á tengslum lærdómsmenningar og árangurs skóla er lærdómsmenning sú þekkingarsköpun sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi þannig að sameiginleg sýn myndist og hópurinn stefni í sömu átt. Kennarar spyrja sig lykilspurninga um hver árangur nemenda sé á öllum sviðum og er sterk lærdómsmenning nauðsynlegur grunnur að stöðugri þróun skólastarfs. Fagleg umræða starfsfólks og ígrundun á daglegu starfi geta af sér nýja þekkingu sem nýtist innan hópsins og skilar árangri fyrir skólasamfélagið.⁴

² Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006.

³ *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni*. 2003.

⁴ Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006.

Í rannsókn Önnu Kristínar kom fram að samstarfsfundir kennara nýttust ekki sem skyldi til framþróunar skólastarfs þar sem þeir voru utan kennsluáðstæðna og án faglegra umræðna og ögrandi spurninga. Ekki er nóg að vinna saman að skipulagningu, kennarar þurfa að kenna saman, ræða saman á faglegum nótum og þora að hleypta öðrum kennurum að starfi sínu.⁵ Ein leið til að auka fagvitund og koma á faglegri umræðu kennara er að koma á leshringjum þar sem kennarar kynna sér nýjar rannsóknir og aðferðir í kennslu og ræða um þær. Ráðlegt er að hafa leshringi og umræður um faglega þætti á föstum fundartímum kennara.

Mikilvægt er að kennarar endurskoði þátt samvinnu í verkefnum, vinni að því að móta sameiginlega sýn á nám nemenda með höfuðáherslu á markmið og leiðir með kennslu sinni. Gera þarf áætlun um hvernig kennarar geta á árangursríkan hátt skipt með sér verkum og ábyrgð með námsgreinum og umsjón með nemendum. Einnig þarf að gera áætlun um hvernig komið verði til móts við mismunandi þarfir einstaklinga með fjölbreyttum kennsluáðferðum og námsefni. Tryggja þarf að umsjónarkennarar beri fulla ábyrgð á og hafi yfirlit yfir framvindu í námi nemenda með greiningar jafnt og annarra nemenda þó að aðrir sinni þeim að einhverju leyti í skólastarfinu vegna sérstöðu þeirra, t.d. stuðningsfulltrúar eða sérkennarar. Úttektaraðilum finnst að nýta mætti smæð hópa og góðar forsendur til fjölbreyttari kennsluáðferða og meiri einstaklingsmiðunar en þeir urðu vitni að. Ekki væri heldur úr vegi aðaldursblanda nemendum, þ.e. auka samvinnuna milli árganga og nýta þannig enn betur þá styrkleika sem eru til staðar. Það ætti að gefast gott tóm fyrir einstaklingsviðtöl og persónuleg áform nemenda. Einstaklingsviðtöl eru ein leið til að byggja upp traust og auðvelda kennara að kynnast nemendum og greina þarfir þeirra, áhuga og getu varðandi námið. Þau geta verið góður grunnur að sameiginlegri markmiðssetningu nemenda og kennara. Í Aðalnámskrá grunnskóla⁶ sem og í skólastefnu Árborgar⁷ er lögð áhersla á að stuðlað sé markvisst að því að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og setji sér markmið í samráði við kennara og foreldra.

Í sumum tilfellum virðast hópar vera of fámennir til að viðhalda hæfilegri ögrun fyrir kennara og nemendur. Ef til vill væri vænlegra til árangurs að fleiri kennarar væru saman með fjölmennari nemendahóp þar sem hægt væri að koma á stöðvavinnu og

⁵ Anna Kristín Sigurðardóttir 2006.

⁶ Aðalnámskrá grunnskóla 2006.

⁷ <http://arborg.is>

markvissri samvinnu eins og best hentar hverju sinni. Í núverandi fyrirkomulagi eru hópar fastsettir í stundatöflu til lengri tíma. Þó kennarar og nemendur vinni saman í stærri hópum geta kennarar skipt með sér meginábyrgð á nemendum þannig að hver kennari sjái um einstaklingsviðtöl, áætlanagerð og foreldrasamskipti við um 12-15 nemendur en kennarar bæru þó sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum í heild sinni og hefðu stuðning af hvor öðrum þar.

Það vakti spurningar úttektaðila hvernig vinna stuðningsfulltrúa er skipulögð í verkefninu. Fjórir stuðningsfulltrúar eru samanlagt starfandi í árgöngunum og fylgja þeir ákveðnum nemendum óháð því starfi sem er í gangi hverju sinni og fjölda í hópum. Ekkert formlegt samstarf er milli stuðningsfulltrúa og kennara og lítil samskipti sýnileg. Hætta er á að þeir nemendur sem hafa stuðningsfulltrúann með sér einangrist frá hinum nemendum, verði ósjálfstæðir og að ekki eigi sér stað nám án aðgreiningar. Mikilvægt er að allir þeir sem koma að skólastarfinu vinni saman en í yfirlitsskýrslu Evrópumíðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu⁸ kemur fram að fimm meginþættir skila árangri í námi án aðgreiningar en þeir eru: samvinna í kennslustörfum, samvinna í námi, samstarf við lausn vandamála, sundurleitir hópar og árangursrík kennsla. Lögð er áhersla á að skapa sveigjanleika og samstarf við alla sem koma að kennslu nemenda, hvort sem það er við aðra kennara eða stuðningsfulltrúa.

Þeir foreldrar sem talað var við voru mjög jákvæðir í garð verkefnisins en nokkrir þeirra sögðust hafa verið efins um kosti þess í byrjun. Þeir sögðu að börnum þeirra líði vel og þeim gengi vel að læra að lesa. Helstu kostir verkefnisins að þeirra mati eru að börnin kynnast öllum árganginum, þau læra að fara á milli hópa og allir kennararnir þekkja öll börnin, þannig geta foreldrar talað við hvaða kennara sem er ef svo ber undir. Gera má ráð fyrir að foreldrum almennt þyki mikilvægast að börnum þeirra líði vel í skólanum og gangi vel að læra að lesa enda má segja að það sé undirstaða alls annars. Hins vegar virðast foreldrar ekki vera virkir þátttakendur í skólastarfinu. Þeir vita ekki að hvaða markmiðum er stefnt og hvar börn þeirra standa námslega séð miðað við sett markmið. Til að bæta þetta þyrfti að vera umræða um markmið og leiðir í námi barnanna milli heimila og skóla. Hvert barn er einstakt og þó að markmið er varða nám og félagslega þætti nemendahóps séu í meginráttum þau sömu og öllum kunn þarf umræða

⁸ *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni 2003.*

að eiga sér stað um hvernig markmiðunum verði helst náð og með hvaða leiðum fyrir hvert og eitt barn. Skapa þarf aðstæður til að slík umræða geti átt sér stað milli kennara, foreldra og nemenda. Foreldrar í rýnihópi sýna greinilegan áhuga á breyttu samstarfi um nám barna sinna og er mikilvægt að skólinn nýti sér þann áhuga sem frekara sóknarfæri til samstarfs við heimilin.

Ef svara ætti rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með mætti segja að verkefnið skili árangursríku skólastarfi að því leyti að nemendum líður vel, byggt hefur verið upp traust milli kennara og nemenda, allir þekkja alla og vísbendingar eru um að lestrarnám gangi vel. Kerfið sem byggt hefur verið utan um verkefnið býður hins vegar upp á takmarkaðan sveigjanleika og kennarar hafa einangrast faglega með ákveðna námsgrein. Samþætting námsgreina er lítil og kennsluhættir fremur hefðbundnir. Það markmið að koma á fjölbreyttum kennsluháttum virðist ekki hafa náðst. Það vantar verkefnisstjóra yfir verkefninu og samvinna við stuðningsfulltrúa er ekki til staðar.

Ljóst er að foreldrar og kennarar vilja viðhalda þeirri meginhugsun sem einkennir verkefnið, að vinnubrögð þar sem kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og unnið í litlum námshópum verði ríkjandi í skólastarfinu almennt. Reynsla síðustu tveggja ára leiðir í ljós nauðsyn þess að gera ákveðnar breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Fram kom vilji kennara til að auka sveigjanleika í verkefninu og draga úr sérhæfingu kennara.

Velta má fyrir sér hvernig standa mætti að breytingum sem skilað gætu enn árangursríkara skólastarfi án þess að upphafleg markmið með verkefninu missi gildi sitt. Taka mætti mið af eftirfarandi áhersluatriðum við endurskoðun á núverandi skipulagi.

1. Setja þarf verkefnisstjóra yfir verkefnið sem heldur utan um það og skapar vettvang fyrir faglegar umræður kennarahópsins og markvissa samvinnu um markmiðssetningu og leiðir í skólastarfinu.
2. Áfram verði litið á hvern árgang sem eina heild þar sem allir þekkja alla.
3. Hverjum árgangi verði skipt niður á umsjónarkennara þannig að hver umsjónarkennari hafi meginumsjón með 12-15 nemendum. Bekkir geta þó verið fjölmennari. Kennarar vinni í teyllum.

4. Komið verði á námsstöðvum þar sem beitt er mismunandi nálgun í kennslu og kennsluaðferðir nýttar út frá settum markmiðum, s.s. sjálfstæð vinna nemenda, skipulögð samvinna nemenda, skapandi vinna, endurinnlögn t.d. í lestri eða stærðfræði, rannsóknir o.fl. Ákjósanlegt væri að blanda verk- og listgreinum inn í þessa stöðvavinnu.
5. Í námsstöðvavinnu getur einn kennari hverju sinni haft möguleika á að sinna einstaklingsviðtölum og áætlanagerð með ákveðnum hópi nemenda.
6. Nemendur fá stundum tækifæri til að velja sig í hópa en eins geta kennarar raðað í hópa eftir þörfum hverju sinni út frá námssniði, áhuga og getu nemenda.
7. Skapa þarf vettvang fyrir samvinnu milli árganga, t.d. mætti koma á félagastuðningi þannig að nemandi í 3. bekk fái það hlutverk að tengjast ákveðnum nemanda í 2. bekk og nemandi í 2. bekk fái svipað hlutverk gagnvart 1. bekkjar nemanda. Slík samvinna yrði skipulögð af kennurum þannig að um skilgreind hlutverk væri að ræða. Gæta þarf að því að byrja á einfaldan hátt og þróa smám saman. Hægt er að stækka hópa og gera ýmis verkefni meira krefjandi. Markmiðin með slíkri samvinnu geta verið bæði af félagslegum og námslegum toga.
8. Tengja þarf foreldra betur inn í umræðu um markmið og leiðir í skólastarfi barna þeirra og hvetja þá markvisst til þátttöku í skólastarfi.
9. Endurskoða þarf hlutverk stuðningsfulltrúa og samvinnu við þá.

6. Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. *Almennur hluti*. 2006. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Anna Kristín Sigurðardóttir. 2006. *Studying and Enhancing the Professional Learning Community for Scholl Effectiveness in Iceland*. The University of Exeter.

Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni. 2003. Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu. Yfirlitsskýrsla.

Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. 2005. *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Skólastefna sveitarfélagsins Árborgar. 2007. Vefslóð: <http://www.arborg.is> (sótt á vef 3.maí 2007).

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Litlir hópar fyrir litlar manneskjur
Viðtalsrammi – kennarar

Hvernig stuðlar verkefnið “Litlir hópar fyrir litlar manneskjur” að árangursríku skólastarfi? Hver er reynslan af tveggja ára þróunarstarfi?

Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga fyrir sig í vetur?
Hverja teljið þið vera helstu kosti núverandi fyrirkomulags?
Sjáið þið ókosti við núverandi fyrirkomulag?

Hvernig fer samvinna kennara fram? Utan kennslustunda/Innan kennslustunda?
Hvernig er hún skipulögð? Um hvað er samvinnan?
Hvernig skiptið þið verkum varðandi undirbúning og kennslu?

Vinnubrögð og kennsluhættir. Miðar skólastarfið að einstaklingsmiðuðu námi?

Hafa breytingar á kennsluháttum átt sér stað? Hverjar helstar?
Markmið um bættu þjónustu við nemendur- hefur það náðst að einhverju leyti?
Í hverju felst sameiginleg umsjón með nemendahópi? Hvernig gengur að kynnast öllum nemendum vel?
Sérhæfing kennara, hvernig hefur það reynst hjá ykkur?
Í höndum hverra er markmiðsetning og áætlanagerð?
Eru markmið skýr og aðgengileg nemendum og foreldrum?
Hvernig er námsefni valið?
Hvaða kennsluáferðir notið þið mest? Af hverju?
Hvernig er samvinna nemenda skipulögð?
Hvernig er einstaklingsþörfum mætt?
Hvernig er unnið að því að efla sjálfsvitund nemenda og gagnrýna hugsun?
Nú eru sérgreinar kenndar á ákveðnum dögum, hvernig kemur það út? Kostir/gallar?
Hvernig upplifið þið að nemendum líði í skólanum?

Hvernig er námsmati háttað? Eru nemendur eða foreldrar þátttakendur í því?
Hvernig er samstarfi við foreldra háttað?

Hvernig er samvinnu kennara og annars starfsfólks háttað um verkefnið?
Húsnæði og starfsaðstæður- hvernig er því háttað?
Hvernig er stuðningi við verkefnið háttað? Er stuðningur og hvatning frá stjórnendum og samstarfsfólki nægjanlegur?

Hvernig mætti vinna á annan hátt til aukins árangurs? Sjáið þið einhverjar breytingar á verkefninu sem leiða myndu til aukins árangurs?
Hver er skoðun ykkar á því að taka þetta skipulag upp í áföngum á öllu yngsta stigi?
Hugsanlegir kostir? Hugsanlegir ókostir.

Litlir hópar fyrir litlar manneskjur
Viðtalsrammi – foreldrar

Hvernig stuðlar verkefnið “Litlir hópar fyrir litlar manneskjur” að árangursríku skólastarfi? Hver er reynslan af tveggja ára þróunarstarfi?

Hvernig finnst ykkur skólastarfið ganga fyrir sig í vetur?
Hverja teljið þið vera helstu kosti núverandi fyrirkomulags?
Sjáið þið ókosti við núverandi fyrirkomulag?

Vinnubrögð og kennsluhættir.

Teljið þið að markmið um betri þjónustu við nemendur náist með núverandi fyrirkomulagi?

Hvernig er námskröfum barna ykkar mætt?

Hvernig líður börnum ykkar í skólanum?

Hvernig er þátttöku ykkar í skólastarfinu háttáð?
Taka foreldra þátt í markmiðsetningu og námsmati?
Hvernig er samvinnu ykkar við kennarana háttáð?

Eru upplýsingar um starfið í skólanum aðgengilegar foreldrum?

Hvernig mætti vinna á annan hátt til aukins árangurs? Sjáið þið einhverjar breytingar á verkefninu sem leiða myndu til aukins árangurs?

Hver er skoðun ykkar á því að taka þetta skipulag upp í áföngum á öllu yngsta stigi?
Hugsanlegir kostir? Hugsanlegir ókostir.

Fylgiskjal 3

Litlir hópar fyrir litlar manneskjur
Vettvangsathugun

Dags/Bekkur/Kennari _____

Námshættir og vinnubrögð	
Viðfangsefni nemenda	
Einbeiting og virkni nemenda	
Samskipti kennara og nemenda	
Samskipti nemenda	
Virk námsaðlögun	

Kennsluaðferðir Innlögn, Námsbókarmiðuð kennsla, Sjálfstæð vinnubrögð, Samvinna, Skapandi verkefni Eigin upplýsingaleit, Samræður, Valverkefni, Notkun upplýsingatækni, Annað

Viðmót og andi í hóp

Virk þátttaka nemenda í skólastarfi
Námsmöppur – markmiðsbækur, Þátttaka nemenda í markmiðssetningu, Sjálfsmat
Annað

Sérkennsla/Námsaðstoð
Sérkennsla inni í bekk, Getuskiptir hópar í sérkennslurými, Getublandaðir hópar í sérkennslurými, Nám aðlagað getu í bekk.

Aðrar upplýsingar:
